

Farice ehf.  
Ársreikningur 2022

Farice ehf.  
Guðríðarstíg 2-4  
113 Reykjavík

kt. 511203-2950

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun ríkisendurskoðanda .....	5
Áritun óháðs endurskoðanda .....	6
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Farice ehf. var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflutninga. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og uppbyggingu innviða fyrir íslenskt samfélag. Fyrirtækið rekur þrjá sæstrengi milli Íslands og Evrópu, FARICE-1, DANICE og ÍRIS, sem tengja Ísland við önnur alþjóðleg gagnaflutningskerfi t.a.m. í London, Amsterdam, Dublin og Kaupmannahöfn. Nýjasti strengur félagsins ÍRIS var tekinn í notkun 1. mars 2023 sem mun auka fjarskiptaöryggi Íslands, í samræmi við þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033. Samningar félagsins við stærstu viðskiptavini þess eru endurnýjaðir með reglubundnum hætti í samræmi við þarfir viðskiptavina. Helsta áhættan í rekstri félagsins snýr að endingartíma sæstrengja þess, en félagið þarf að gera ráð fyrir endurnýjun á þeim með reglubundnum hætti. Einnig getur óvænt bilun haft mikil áhrif á rekstur félagsins ef slík bilun er ekki skammvinn. Félagið er með samning við viðgerðaskip sem tryggir félaginu aðgang að slíkum skipum ef til bilunar kemur. Reynsla Farice af rekstri sæstrengja er hins vegar góð og hefur félagið enn ekki orðið fyrir bilun í sjó. Bilanir í landkerfum eru hins vegar nokkrar á hverju ári og því félaginu mikilvægt að hafa virkar varaleiðir á landi.

## Rekstur ársins 2022

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur um 13,1 milljónum EUR og er EBITDA 7,1 milljónir EUR. Tekjur af sölu á bandvídd hækkuðu um 0,4 milljónir EUR milli ára og EBITDA hækkaði um 0,2 milljónir EUR milli ára. Óreglulegar tekjur lækka mikið samanborið við fyrra ár vegna þjónustusamninga sem félagið sinnti á árinu 2021. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 100,5 milljón EUR og eigið fé félagsins um 68,1 milljónir EUR. Eiginfjárlutfall félagsins er 67,8%. Hagnaður af rekstri félagsins var 48 þúsund EUR og er það í fyrsta sinn sem hagnaður hefur verið af rekstri þess. Félagið greiddi niður skuldir um 2,7 milljónir EUR og átti 4,2 milljónir EUR af handbæru fé í árslok 2022, þar af eru 1,5 milljónir EUR af handbæru fé sérgreint vegna ÍRIS verkefnisins. Stjórn leggur til að hagnaður félagsins færast til lækkunar á ójöfnuðu tap félagsins og arður verði ekki greiddur út vegna ársins.

Fjármögnun á nýjum sæstreng sem ber heitið ÍRIS lauk í mars 2021 með samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) fyrir ríkisstuðningi til Farice vegna verkefnisins en ríkisstjórn Íslands hafði í september 2020 ákveðið að tryggja verkefninu framgang með fjármögnun þess. Heildarkostnaður við verkefnið var áætlaður um 50 milljónir EUR og var fjármagnaður með hlutfjárhækkun frá íslenska ríkinu sem eina eiganda félagsins. Endanlegur kostnaður verkefnisins var 50,4 milljónir EUR eða 0,8% umfram upphaflega áætlun við kostnað þess sem skýrist að stærstum hluta af fleiri óvinnufærum dögum vegna veðurs við lagningu strengsins en gert var ráð fyrir. Hlutféð var greitt inn í félagið eftir framþróun verkefnisins og var hlutféð aukið einu sinni á árinu vegna verkefnisins, alls um 10,5 milljónir EUR sbr. skýringar nr. 6, nr. 11 og nr. 13. Í árslok 2022 hefur hlutfé verið aukið um 50 milljónir EUR vegna verkefnisins. Stjórn félagsins gerir ráð fyrir því að auka hlutfé um 0,4 milljónir EUR á árinu 2023 vegna uppgjörs við verkefnið. Tímaáætlun verkefnisins stóðst í öllum megin atriðum og fór strengurinn að bera gagnaumferð þann 1. mars 2023 í samræmi við áætlanir. Við þau tímamót er Ísland tengt með þremur fjarskiptasæstrengjum við Evrópu og fjarskiptaöryggi landsins hefur aukist tífalt í samræmi við stefnu stjórnvalda um fjarskiptaöryggi. Sýn hf. kærði ákvörðun ESA um að heimila ríkisstuðning til Farice vegna ÍRIS verkefnisins til EFTA dómstólsins í júlí 2021 og ógilti dómurinn ákvörðunina í júní 2022. ESA hefur því málið aftur til skoðunar ásamt samningi Farice við Fjarskiptasjóð frá árinu 2018 og býst Farice við að niðurstaða fái stíð í málið á seinni hluta ársins 2023. Farice hefur fengið lagalega ráðgjöf um að niðurstaða EFTA dómstólsins snúi að rannsókn ESA og varði ekki efnisinntak ákvörðunar ESA. Farice gerir þannig ekki ráð fyrir öðru en að fyrri ákvörðun ESA um ríkisstuðninginn verði staðfest í ytarlegri skoðun ESA á málinu.

Á árinu fór fram útboð á bylgjubúnaði sem félagið mun nota í ljósleiðarakerfi félagsins. Búnaðurinn verður notaður á öllum helstu afhendingarstöðum þjónustu félagsins í lendingastöðvum þess og á helstu leiðum á landi á Íslandi og Írlandi. Ciena var valið sem framleiðandi og samstarfsaðili við uppsetningu búnaðarinnar. Uppsetning þess hófs í loks ársins 2022 og er áætlað að uppsetningu ljúki í áföngum á fyrri hluta ársins 2023. Síðasti áfanginn í ÍRIS verkefninu var t.a.m. uppsetning á búnaði Ciena á Íslandi og Írlandi til þess að tengja saman afhendingarstaði Farice á Íslandi og Írlandi yfir ÍRIS fjarskiptasæstrenginn.

Félagið rekur tæknibúnað í nokkrum löndum og krefst sá búnaður reglulegs viðhalds og uppsetningar. Félagið þarf þannig að sinna viðhaldi og eftirliti með reglulegum hætti erlendis.

Hjá félaginu störfuðu 7 starfsmenn í fullu starfi á árinu og einn í hlutastarfi.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Hlutfé

Á árinu var hlutfé í félaginu aukið um 10,5 milljónir EUR vegna kostnaðar við lagningu á nýjum sæstreng. Í árslok og ársbyrjun átti Ríkissjóður Íslands allt hlutfé félagsins. Félagið á enga eigin hluti.

## Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhald ríkisins í Farice ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum og einum varamanni. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Stjórn samþykkti á árinu stefnu um innra eftirlit og hefur félagið sett sér markmið um að innleiða stefnuna að fullu á þremur árum. Takmarkanir eru á innra eftirliti vegna þess hve fá stöðugildi eru hjá félaginu en félagið hefur farið í aðgerðir til þess að bregðst við þeirri áhættu. Aðaláhersla við áhættumat félagsins tengist aðgerðaráætlunum til að bregðst við mögulegri truflun á fjarskiptasambandi vegna sæstrengja auk varna gegn netarásum.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og gefur glögga mynd af eignum og skuldum félagsins og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2022, rekstrarafkomu og sjóðstreymi fyrir rekstrarárið sem lauk 31. desember 2022 auk þess að lýsa áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Skýrsla stjórnar veitir yfirsýn yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farice ehf. staðfesta hér með ársreikning Farice ehf. 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2023

Stjórn Farice ehf.



Martha Eiríksdóttir, stjórnarformaður



Jón Gunnar Vilhelmsson



Kristín Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri



Þorvarður Sveinsson

# Áritun ríkisendurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

## **Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda**

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðanda. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2023



Guðmundur Björgvin Helgason  
Ríkisendurskoðandi

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Farice ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Farice ehf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Farice ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

### Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Farice ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2023



Birgir Finnbogason  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Sala á bandvídd .....		13.107.741	12.689.051
Aðrar tekjur .....		39.500	573.309
	3	13.147.241	13.262.360
Rekstur fjarskiptakerfa .....	8	4.649.919	4.725.622
Annar rekstrarkostnaður .....	8	1.433.875	1.408.230
Rannsóknar- og þróunarkostnaður .....	9	0	220.000
		6.083.794	6.353.852
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði .....</b>		7.063.447	6.908.508
Afskriftir .....	10	( 6.278.491)	( 6.231.324)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b>		784.956	677.184
Vaxtatekjur .....		32.424	5.391
Vextir og verðbætur .....	7	( 918.352)	( 1.143.344)
Gengismunur .....		148.746	( 45.801)
<b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>		( 737.183)	( 1.183.753)
<b>Hagnaður (Tap) ársins .....</b>		47.773	( 506.569)



## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	10	43.356.027	48.558.113
Framkvæmdakostnaður vegna Íris sæstrengsins .....	10	48.671.500	28.241.426
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	3.168.005	1.011.907
Fastafjármunir		<u>95.195.533</u>	<u>77.811.445</u>
Viðskiptakröfur .....	4	216.000	296.848
Aðrar kröfur .....		611.757	475.582
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	265.907	179.657
Handbært fé .....	5	4.244.666	13.750.683
Veltufjármunir		<u>5.338.330</u>	<u>14.702.770</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>100.533.863</u>	<u>92.514.215</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		77.875.905	67.375.905
Ójafnað tap .....		( 9.682.085)	( 9.729.858)
Eigið fé samtals	13	<u>68.193.820</u>	<u>57.646.047</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	7	28.344.615	31.044.102
		<u>28.344.615</u>	<u>31.044.102</u>
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda .....	7	2.699.487	2.699.487
Viðskiptaskuldir .....		762.824	528.967
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur .....		533.117	595.612
Skammtímaskuldir		<u>3.995.428</u>	<u>3.824.066</u>
Skuldir samtals		<u>32.340.043</u>	<u>34.868.169</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>100.533.863</u>	<u>92.514.215</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (Tap) ársins .....		47.773	( 506.569)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	10	6.278.491	6.231.324
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð .....		0	( 43.379)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....		179.652	194.326
		6.505.916	5.875.702
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna .....		( 55.328)	254.447
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda .....		171.362	( 126.964)
		116.034	127.483
Handbært fé frá rekstri		6.621.950	6.003.185
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	10	( 21.506.479)	( 29.081.819)
Aðrar langtíma fjárfestingar .....	11	( 2.422.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 23.928.479)	( 29.081.819)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýtt hlutafé .....	13	10.500.000	39.500.000
Afborganir langtímalána .....		( 2.699.487)	( 5.856.411)
Fjármögnunarhreyfingar		7.800.513	33.643.589
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....		( 9.506.017)	10.564.955
<b>Handbært fé 1. janúar</b> .....		13.750.683	3.185.728
Breyting ársins .....		( 9.506.017)	10.564.955
<b>Handbært fé 31. desember</b> .....		4.244.666	13.750.683

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Farice ehf. er íslenskt einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með starfsstöð að Guðríðarstíg 2-4 í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og nærliggjandi landa í gegnum sæstrengi sem tengjast landsnetum í Danmörku, Bretlandi, Færeyjum og Írlandi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### A. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr 3/2006 um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er settur fram í evrum, starfrækslugjaldmiðill félagsins, og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### B. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafi áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### C. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evrum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar til bóka þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur félagsins samanstanda af sölu á fjarskiptasamböndum milli Íslands, Færeyja, Bretlands og meginlands Evrópu í gegnum sæstrengi í eigu félagsins. Tekjur eru stöðugar og fyrirsjáanlegar og byggja á sölusamningum sem almennt eru gerðir til a.m.k. tveggja ára í senn.

Um 67% af tekjum félagsins vegna sölu á bandvídd koma frá fjórum viðskiptavinum en hlutfallið var 65% árið 2021. Ríflega helmingur tekna félagsins eða um 58% er tilkominn vegna innanlandsviðskipta sem er svipað hlutfall og undanfarin ár.

## 4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði og endanlega tapaðar kröfur eru færðar úr bókum félagsins. Um 95% viðskiptakrafna við árslok voru í evrum (2021: 97%).

## 5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 6. Iris sæstrengur

Lagningu Irisar, nýs sæstrengs milli Íslands og Írlands, er nú að mestu lokið og er áætlað að hann verði verði tekinn í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2023. Kostnaður við verkefnið var upphaflega áætlaður 50 millj. evra sem fjármagnaður var með hlutafjárukningu, 39,5 millj. árið 2021 og 10,5 millj. 2022.

Við árslok stóð framkvæmdakostnaður í 48,7 millj. evra og gera áætlanir nú ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 50,4 millj. en hækkunin skýrist einna helst af viðbótar kostnaði vegna veðurs við lagningu strengsins. Gert er ráð fyrir að viðbótar kostnaður verði fjármagnaður með hlutafjárhækkun að fjárhæð 400 þús. evra á árinu 2023.

# Skýringar

## 7. Vaxtaberandi skuldir

Langtímalán félagsins við Endurlán ríkissjóðs (ER) er í evrum og ber fasta 2,5% vexti. DANICE strengurinn, lendingarstöð DANICE á Landeyjasandi ásamt öllum tengdum eignum og búnaði eru veðsett fyrir skuld félagsins við ER. Félagið hefur nýtt laust sjóðsflæði til niðugreiðslu lánsins umfram fastar afborganir og áformar að halda áfram að greiða inn á höfuðstólinn eftir því sem rekstrarafkoma gefur tilefni til á næstu misserum.

	Gjaldmiðill	Loka-gjalddagi	2022		2021	
			Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Veðlán frá ER...	EUR	2034	Fastir 2,5%	31.044.102	Fastir 2,5%	33.743.589
Næsta árs afborganir.....				(2.699.487)		(2.699.487)
Vaxtaberandi langtímaskuldir við árslok.....				28.344.615		31.044.102

Afborganir af langtímalánum, færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi, greinast þannig næstu

	2022	2021
Afborganir 2023/2022.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2024/2023.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2025/2024.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2026/2025.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2027/2026.....	2.699.487	2.699.487
Síðar.....	17.546.667	20.246.154
	31.044.102	33.743.589

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2022	2021
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar .....	33.743.589	39.600.000
Afborganir langtímaskulda.....	( 2.699.487)	( 5.856.411)
Vaxtaberandi skuldir 31. desember .....	31.044.102	33.743.589

## 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður félagsins greinist með eftirfarandi hætti:

<b>Laun og launatengd gjöld:</b>	2022	2021
Laun .....	859.534	734.875
Launagöld .....	191.240	159.926
Orlofsskuldbinding .....	( 9.063)	19.056
Eignfærður launakostnaður .....	( 51.373)	( 98.518)
Samtals .....	990.337	815.339

Ársverk .....	7,5	7
---------------	-----	---

<b>Almennur rekstrarkostnaður</b>	2022	2021
Rekstur fjarskiptakerfa .....	4.649.919	4.725.622
Endurskoðun ársreiknings .....	29.634	29.419
Annar rekstrar og sjórnunarkostnaður .....	413.903	563.472
Samtals .....	5.093.457	5.318.513

## 9. Rannsóknar- og þróunarkostnaður

	2022	2021
Rannsóknar- og þróunarkostnaður vegna IRIS .....	0	220.000
Samtals .....	0	220.000

# Skýringar

## 10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti frá þeim tíma sem eignir eru teknar í notkun, miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengibúnaður.....	10 ár
Tengistöðvar.....	20 ár
Sæstrengir og búnaður undir sjávarmáli.....	20 ár
Aðrar eignir.....	5 - 10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsteggi og leiðrétt ef við á.

	Fjarskipta- búnaður og tæki	Farice	Danice	Iris	Samtals
<b>Heildarverð</b>					
Heildarverð 1.1.2021 .....	22.895.052	46.950.412	83.714.995	0	153.560.459
Viðbót á árinu .....	797.222		43.172	28.241.426	29.081.820
Heildarverð 31.12.2021 ....	23.692.274	46.950.412	83.758.167	28.241.426	182.642.279
Viðbót á árinu .....	1.076.405			20.430.074	21.506.479
Heildarverð 31.12.2022 ....	24.768.679	46.950.412	83.758.167	48.671.500	204.148.758
<b>Afskriftir</b>					
Afskrifað 1.1.2021 .....	18.053.891	39.257.561	42.299.965	0	99.611.417
Afskriftir ársins .....	397.244	1.865.084	3.968.996	0	6.231.324
Afskrifað 31.12.2021 .....	18.451.135	41.122.645	46.268.961	0	105.842.741
Afskriftir ársins .....	423.161	1.868.655	3.986.675	0	6.278.491
Afskrifað 31.12.2022 .....	18.874.296	42.991.300	50.255.636	0	112.121.232
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 31.12.2021 ..	5.241.139	5.827.767	37.489.206	28.241.426	76.799.538
Bókfært verð 31.12.2022 ..	5.894.383	3.959.112	33.502.531	48.671.500	92.027.526

Vátryggingarverð eigna nam um 13,7 millj. evra við ársbyrjun 2023.

Við árslok nam framkvæmdakostnaður vegna lagningar Íris sæstrengsins um 48,7 millj. evra og var tekinn í notkun 1. mars 2023. Strengurinn er því ekki afskrifaður árið 2022. Fjárfesting í framhaldstengibúnaði (backhaul) er afskrifuð að hluta eftir því sem búnaðurinn hefur verið tekinn í notkun.

## 11. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af gjaldi fyrir ríkisábyrgð á láni frá Endurlánum ríkissjóðs sem tekið var 2019 og lendingarleyfi vegna Íris sæstrengsins sem gildir til 35 ára og verður gjaldfært yfir notkunar- og líftíma strengsins. Eignarhald leyfisins er í höndum írskis dótturfélags Farice sem hefur þann tilgang að halda á leyfinu. Fyrirframgreiddur kostnaður greinist með eftirfarandi hætti:

	Ábyrgðargjald ER	Lendingarleyfi
Staða við árslok .....	1.011.910	2.422.000
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2023, birt á meðal veltufjár .....	164.990	100.917
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2024 .....	150.333	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2025 .....	135.657	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2026 .....	120.990	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2027 .....	106.323	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning síðar .....	333.617	1.836.683

# Skýringar

11. Fyrirframgreiddur kostnaður frh.	2022	2021
Fyrirframgreiddur kostnaður birtist þannig í efnahagsreikningi:		
Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal fastafjármuna .....	3.168.005	1.011.907
Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal veltufjármuna .....	265.907	179.657
	<u>3.433.912</u>	<u>1.191.564</u>

## 12. Tekjuskattur

Rekstrarhagnaður ársins nam um 47,8 þús.evra en ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna rekstrar ársins 2022 vegna yfirfæranlegs taps fyrri ára.

Tekjuskattsinn eign er reiknuð en ekki færð til bóka í efnahagsreikning vegna óvissu um nýtingu á komandi árum. Útreikningur tekjuskattsinn eignar byggir á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Yfirfæranlegt tap í árslok 2022 greinist sem hér segir:

Skattalegt tap ársins 2013 nýtanlegt til 2023 .....	5.795.000
Skattalegt tap ársins 2014 nýtanlegt til 2024 .....	793.299
Skattalegt tap ársins 2015 nýtanlegt til 2025 .....	1.971.075
Skattalegt tap ársins 2016 nýtanlegt til 2026 .....	4.504.575
Skattalegt tap ársins 2017 nýtanlegt til 2027 .....	2.388.094
Skattalegt tap ársins 2018 nýtanlegt til 2028 .....	812.281
Skattalegt tap ársins 2019 nýtanlegt til 2029 .....	3.001.299
Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals .....	<u>19.265.623</u>

Tekjuskattseign greinist þannig:	2022	2021
Rekstrarfjármunir .....	2.155.511	1.913.754
Frestaður gengismunur .....	(15.608)	12.540
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	3.853.125	6.414.604
Virðisrýrnun tekjuskattseigna .....	<u>(5.993.028)</u>	<u>(8.340.898)</u>

## 13. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins er um 77,9 millj. evra að nafnverði. Hækkun frá 2021 er 10,5 milljónir evra.

Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022 .....	67.375.905 (	9.729.858)	57.646.047
Hækkun hlutafjár .....	10.500.000		10.500.000
Hagnaður ársins .....		47.773	47.773
Eigið fé 31.12.2022 .....	<u>77.875.905 (</u>	<u>9.682.085)</u>	<u>68.193.820</u>

# Skýringar

---

## 14. Tengdir aðilar

Hluthafar, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir teljast til tengdra aðila. Engir tengdir aðilar keyptu þjónustu af félaginu árið 2022 og félagið greiddi ekki fyrir vörur eða þjónustu frá tengdum aðilum á árinu.

## 15. Rekstrarhæfi

Á undanförunum árum hefur félagið verið rekið með umtalsverðu tapi en á sama tíma hefur EBITDA og fjárstreymi frá rekstri verið jákvætt. Árið 2019 greiddi félagið upp óhagstæð lán, tók ný á hagkvæmari kjörum og uppsafnað tap í ársbyrjun 2019 var jafnað með lækkun á hlutafé.

Sæstrengirnir FARICE-1 og DANICE, sem eru grunnur að tekjuöflun félagsins, eru afskrifaðir miðað við 20 ára líftíma, en gert er ráð fyrir því að þeir muni geta nýst áfram til öflunar tekna fyrir félagið og/eða í því skyni að tryggja öryggi gagnaflutninga á milli Íslands og umheimsins. Miðað við óbreyttar reikningshalds forsendur um líftíma FARICE-1 strengsins verður hann að fullu afskrifaður að hrakvirði í lok árs 2024 og DANICE í lok árs 2028. Við árslok 2023 munu afskriftir vegna IRISar koma inn og verður vænt rekstrarafkoma næstu ára neikvæð, þrátt fyrir jákvætt sjóðsflæði og EBITDA.

Á grundvelli framangreinds er það mati stjórnar félagsins að ekki sé ástæða til að efast um rekstrarhæfi Farice í árslok 2022.